

Mánudaginn 18. janúar 1993.

Nr. 25/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Hickmat Moustapha Baroudi.**

**Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.**

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst þess, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1993, eins og krafist var í héraði.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald er byggð á því, að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa framið verknad, sem fangelsisrefsing er lögð við samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, er rannsókn málsins á frumstigi. Hún virðist þó ekki þurfa að verða ýkja-margbrotin. Þykir því rétt að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1993.**

Hickmat Moustapha Baroudi, kt. 031160-2009, með lögheimili að Næfurási 17, en dvalarstað að Grensásvegi 12, Reykjavík, er grunaður um brot gegn 194. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 40/1992, og 1. mgr. 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa farið í gær um kl. 13.20 á vinnustað X, fyrrver-

andi sambýliskonu sinnar, að ..... hér í borg, ógnað henni með hnífi og þannig þvingað hana gegn vilja hennar til að fara með sér að heimili hennar að ..... hér í borg, þar sem hann hafi haft við hana kynmök gegn vilja hennar.

Kærði hefur viðurkennt að hafa haft kynmök við X á heimili hennar í gær, en kveður þau hafa verið með hennar samþykki og reyndar að hennar undirlagi. Kærði hefur ekki viðurkennt að hafa hóttað X með hnífi og þannig neytt hana til þess að fara með sér á heimili hennar.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins urðu tveir menn, er hafa vinnustað að ....., vitni að því, er kærði dró X gegn vilja hennar að bifreið sinni, er staðið hafi við austurgafli hússins.

Framburður kærða um, að þau X hafi tekið upp fyrra samband að nýju og að þau hafi haft kynmök í því skyni, að X yrði vanfær, þykir ótrúverðugur, þar sem kærði hefur borið fyrir lögreglu, að X hafi þennan sama dag tjáð sér, að hún hefði tekið upp samband við annan mann. Kvaðst kærði hafa verið í uppnámi eftir þetta. Þá kemur fram í framburði kærða fyrir lögreglu, að X hafi verið ein á vinnustað sínum, er kærða bar þar að, og þykir því sömuleiðis ótrúverðug sú frásögn kærða, að X hafi fallist á að yfirgefa vinnustaðinn til að fara með honum á heimili sitt til að ná þar í ýmsa hluti í eigu kærða. Að lokum þykir ástand X, eins og því er lýst í fram lögðu læknisvottorði, benda til þess, að hún hafi orðið fyrir áfalli.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Kærði er grunaður um brot gegn 194. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 2. gr. 1. nr. 40/1992, og getur það varðar hann tíu ára fangelsi. Sterkur grunur þykir vera um, að kærði hafi framið afbrot þau, sem hann er nú sakaður um. Ætla má einnig, að kærði muni torvela rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna. Kærði er breskur ríkisborgari, sem búið hefur hér á landi í rúm þrjú ár. Þykir því og hætta á, að kærði muni reyna að komast úr landi til að koma sér undan málsókn, verði hann látinn laus. Þá þykir gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja X fyrir árásum kærða, en samkvæmt fram lögðum rannsóknargögnum hefur kærði ofsótt hana áður. Samkvæmt framansögðu og með vísan til a-, b- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 þykir bera að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó þannig, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. janúar nk. kl. 16.00.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hickmat Moustapha Baroudi, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. janúar 1993 kl. 16.00.